

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.
ses.netlog@gmail.com

Stjórnarskrárnefnd,
forsætisráðuneytið. Hr. Páll Þórhallsson, formaður.
postur@for.is

Hornafirði, 7. mars 2016.

Vísað er í frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá Íslands um umhverfis- og náttúruvernd.

Frumvarp til stjórnskipunarlaga

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, samkvæmt ákvæði um stundarsakir, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 91/2013

(umhverfis- og náttúruvernd).

(Drög stjórnarskrárnefndar 19. febrúar 2016.)

1. gr.

Á eftir 78. gr. stjórnarskrárinnar kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvílir sameiginlega á öllum og skal verndin grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stuðlað skal að því að fjölbreytni náttúrunnar sé viðhaldið og vöxtur lífríkis og viðgangur tryggður.

Allir skulu njóta heilnæms umhverfis. Almenningsi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Ganga skal vel um náttúruna og virða hagsmuni landeigenda og annarra réttihafa. Mælt skal nánar fyrir í lögum um inntak og afmörkun almannaréttar.

Í lögum skal mælt fyrir um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það svo og til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið.

Alþingismenn sem setja lögin, væntanlega af ábyrgð, hafa hvorki umboð né heimild til að leyfa eða banna umferð (eða nýtingu) almennings á einkaeignum, hvort sem um er að ræða lóðir, húsnæði (t.d. hótél), land eða önnur gæði. Í því tilviki þarf að fara fram leigu- eða eignarnám, samkvæmt alþjóðalögum (samningum), m.a. Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, 1. gr. 1. viðauka og íslenskum lögum, þannig að ráðstöfunarrétturinn verði ekki skertur og ekki framin umboðssvik á borgurunum.

Ef Alþingismenn hyggjast leyfa sér að heimila umferð almennings um einkaeignir þá þarf miklu meira til en eitthvað orðalag í lagagrein frá Alþingi Íslendinga.

Þess vegna hlýtur það orðalag í 1. gr. frumvarps til stjórnskipunarlags, drög 19. febrúar 2016, um umhverfis- og náttúruvernd að eiga eingöngu við land í ríkiseigu en ekki land í einkaeign, en þar stendur:

“Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi“

Alls ekki er skýrt hvaða átt er við með orðinu „land“ í fyrrnefndu ákvæði. Er átt við allt Ísland eða bara land í ríkiseign. Það er einnig mjög mikilvægt að greinilega komi fram að það sé jafnrétti með þéttbýli og dreifbýli. Það þarf að skýra vel umferð almennings um land / lóðir á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýli. Þar er einna helst vöntun á athafnarými fyrir almenning sem heimsækir þessa staði. Inn í stjórnarskrána þyrfti að koma skýrari heimild almennings til frjálsrar farar um lóðir manna í þéttbýli og til dvalar þar í lögmætum tilgangi til samræmis við hugmyndir um för um lóðir og lönd manna á landsbyggðinni. Almennings í þéttbýli yrði einnig heimilt að lesa til sín ber af runnum til neyslu á staðnum og einnig aðra garðávexti.

Það eru komnir þjóðvegir allt í kringum landið, yfir einkaeignir, sem heimila almenningi för um landið og dvöl þar og sem ætlaðir eru sérstaklega umferð almennings og ferðamanna.

Hér með er sett fram sú krafa að setning þessi („Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi“) verði leiðrétt eða tekin út úr frumvarpinu.

Virðingarfyllt,
Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður
ses.netlog@gmail.com omarantons@gmail.com